

Nefndasvið Alþingis

B.t. nefndarritara menntamálanefndar, iðnaðarnefndar og allsherjarnefndar

Reykjavík, hinn 8. apríl 2002

Efni: Umsögn BHM um frumvörp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (549. mál), opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun (553. mál) og Vísinda- og tækniráð (539. mál)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 6. mars 2002, varðandi umsögn um þrjú frumvörp til laga um eftirfarandi:

- opinberan stuðning við vísindarannsóknir (549. mál),
- opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun (553. mál) og
- Vísinda- og tækniráð (539. mál).

Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Tekið er undir með Félagi háskólakennara (FH) – sem er eina aðildarfélagið af 24rum stéttarfélögum háskólamanna innan BHM sem fékk umrædd þrjú mál til umsagnar – í umsögn þess ásamt Félagi prófessora (FP) frá 15. mars sl. varðandi eflingu vísindarannsókna, vísindamenntunar og tækniþróunar, sbr. m.a. 549. mál. Einnig er tekið undir ábendingar FH og FP um hæfi þeirra sem sitja í ráðum og nefndum samkvæmt frumvörpunum og um gildi jafningjamats. Skal í því sambandi jafnframt lögð áhersla á að mat á grunnrannsóknum sé sjálfstætt og óháð óviðkomandi sjónarmiðum.


BHM leggst gegn þeirri skipan sem lögð er til í 539. máli að forsætisráðherra skuli skipa 14 menn í Vísinda- og tækniráð – þar af fjóra samkvæmt tilnefningum stærstu heildarsamtaka á vinnumarkaði en engan frá BHM sem einu heildarsamtökum háskólamenntaðs launafólks.

Jafnframt gagnrýnir BHM að ekki skuli hafa verið haft samráð við heildarsamtök háskólamanna – BHM – við undirbúning frumvarpanna í Stjórnarráðinu – einkum í ljósi þeirrar skipunar sem lagst er gegn hér að framan og m.t.t. þess að einungis skuli hafa verið veittur viku frestur til umsagnar hjá nefndasviði Alþingis. BHM telur ekki hafa komið fram fullnægjandi rök fyrir því að breyta fyrirkomulagi vísindamála í þá veru að 4 ráðherrar sitji beinlínis í ráðinu og auk þeirra 6 fulltrúar ráðuneyta. Er þessi skipan til þess fallin að auka um of pólitíska íhlutun í rannsóknastefnu.

Lýst er yfir stuðningi við að í 539. máli skuli sérstaklega fjallað um nýsköpun enda verður að telja eðlilegt að rannsóknir í tengslum við atvinnulífið fari fram óháð sjálfstæðum grunnrannsóknum vísindasamfélagsins; af sömu ástæðu er tekið undir að þau mál séu látin heyra stjórnarfarslega undir iðnaðarráðherra. Ekki er tekin afstaða til þess hvort réttmætt sé að draga úr skilsmun á meðferð umsókna eftir því hvort tilgangur er „hagnýtur“ eða ekki eins og lagt er til í 549. máli.

Beðist er velvirðingar á því að ekki tókst að veita umsögn á þeim skamma fresti sem veittur var.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar BHM e.u.,



Gísli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM.